

Viðhald vatns í rafmagnspottum

Leiðbeiningar

Nýtt vatn sett í pottinn:

mælið Ph gildi vatnsins og stillið í 7,2 - 7,6 ppm* (notið “pH plus” upp til að hækka og “pH minus” til að lækka)

Setjið 20 gr af klórkorni í hverja 1000 lítra og mælið klórmagn (Klórmagn skal vera 3 ppm – 5 ppm)

Í annað hvert skipti þegar skipt er um vatn í heitum pottum skal setja einn 500 ml brúsa af “DEEP CLEAN 5” í 1200-1500 lítra af sem hreinsar pípulögn pottsins. Efnið eyðir lífrænum ögnum og fitu úr nuddkerfinu. Efnið er sett úti gamla vatnið áður en skipt er um. Setjið 1 brúsa út í vatnið og látið hringrás með nudd dælum í 30-60 mín og losið svo vatnið úr pottinum. Passið að allir nuddstútar séu opnir og að deiling milli sæta sé jöfn meðan að kerfið gengur þannig að allt kerfið verði hreinsað. Gott er að fylla pottinn aftur af fersku vatni, kveikja á nuddinu í 5 mínútur og tæmið svo.

ATH EKKI FARA Í POTTINN EFTIR AÐ DEEP CLEAN 5 ER SETT Í VATNIÐ!

Daglegt eftirlit

Klórþörfin í pottinum getur verið misjöfn eftir notkun. Ef potturinn er notaður daglega, þarf helst að setja klórduft í hann daglega til að viðhalda æskilegu ppm gildi fyrir klórinn.

Þrep 1: Mælið pH gildið og stillið ef þörf er á. Notið pH upp eða niður til þess að stilla pH gildið.

Þrep 2: Mælið klórmagnið. Ef klórmagn er of lágt bætið Klór Blast klórkorni í ca 5-10 gr og mælið aftur.

Vikulegt eftirlit.

Mælið klórmagnið. Ef klórmagn er of lágt bætið 5-10 gr af Klórblast klórkorni út í

Stillið pH gildið ef þörf er á (7,2 - 7,6 ppm)

Nauðsynlegt er að passa uppá klórmagnið í pottinum hvort sem potturinn er í notkun eða ekki.

Gott er að setja í pottinn c.a. 40 grömm af klórkornum eða 60 gr (3 matskeiðum) af MPS aðra hverja viku til að eyða upp notuðum klórögnum (klóramín) og fríska upp á vatnið. Það er stranglega bannað að fara í pottinn í sólarhring eftir að hann hefur fengið þessa meðferð. Ekki má fara í pott sem er með hærra en 5 ppm af klór þannig að best er að mæla pottinn áður en farið er í hann eftir þessa meðferð. Sterk uppgufun af klór getur einnig skemmt neðri hlutann á pottlokinu með tímanum þannig að gott er að hafa pottinn opinn til háls eða fulls í klukkustund eða svo.

ATH notið ávallt Klór blast klórtöflur samhliða klórkorni ef potturinn er ekki í heimahúsi

Pottur í sumarhúsi eða pottur sem er notaður sjaldan verður að hafa hreinsiefni í vatninu. Klórtöflur eru forðatöflur og skammta litlu magni af klór í vatnið þannig að þörungur og bakteríur ná ekki að vaxa í vatninu. Þessar töflur verða að vera í skammtara svo að þær sökkvi ekki á botninn og uppliti skelina.

Best er að setja klórduft í pottinn þegar komið er í bústaðinn, fylgjast með magninu á meðan dvölinni stendur, og setja svo aftur í hann þegar að farið er þannig að klórmagnið sé sem næst 3-5 ppm þegar að þörfin er mest.

*ppm þýðir parts per million

Hreinsun á síum.

(Það á ekki að hreinsa síur í uppþvottavél eða láta þær liggja í klórbaði)

Þrep 1 látið síuna í fötu eða síuhólk (plast).

Þrep 2 Látið 250 ml af Filter cure eða Filter cleaner í fötuna og fyllið upp með vatni þannig að öll sían sé á kafi.

Þrep 3 látið síuna vera í blöndunni yfir nótt / einn sólarhring.

Þrep 4 Takið síuna upp úr blöndunni og þrifið vel með rennandi vatni.

Geymið síuna á þurrum stað ef ekki á að nota hana strax aftur.

Líftími á síum ef þær eru hreinsaðar reglulega á ca 1 mán fresti getur verið 16-24 mán en ef þær eru ekki hreinsaðar er líftími 5-12 mán.

Hægt er að fá svokallaðan instanthreinsi sem úðað er yfir síuna og látið virka í 15-20 mínútur og svo skolað af. Vart þarf að taka fram að hann þrífur síuna ekki jafn vel og efnið sem þú lætur síuna liggja í yfir nótt.

Hvernig á að hreinsa pott með Þörungum (flögur)

Þörungar eru eins og fljótandi pappírs flögur og geta verið hættulegar heilsu.

Setjið einn brúsa af T-CIP 86 eða deep clean 5 og látið hringsóla í vatninu í 30-60 mín. (passa að hafa alla nuddstúta opna)

Tæmið pottinn og setjið aftur vatn að fullu í pottinn og látið hringsóla í um 60 mín. Þegar potturinn er tæmdur er gott að opna frá dælum til þess að allt vatn fari úr pottinum. (Passa að ná sem mestu vatni úr pottinum).

Tæmið pottinn aftur og hreinsið skelina með sítrushreinsi eða lágfreyðandi sápu (ekki leysiefni) og skolið vandlega.

Fyllið pottinn af vatni og setjið 60 grömm (c.a. 3 msk) af Klórkorni í vatnið mælið pH gildið. Það á að vera 7,2 - 7,6 ppm

Þetta ætti að drepa niður Þörunga.

Hvernig á að "sjokka" pottinn

Til að "sjokka" pottinn með klór, setjið 40 grömm af klór í pottinn (c.a. 2 msk).

Til að "sjokka" pottinn með MPS eða MonoPerSulfati setjið 60 grömm (c.a. 3 msk) af MPS.

Látið dælurnar ganga í 20 mínútur. Passið að hafa alla nuddstúta opna.

Sterk uppgufun af klór getur skemmt neðri hlutann á pottlokinu með tímanum þannig að gott er að hafa pottinn opinn til hálfis eða fulls í klukkustund eða svo ef sjokkað er með klór.

Ef MPS er notað til að "sjokka" pottinn má fara í hann hálf tíma síðar en það er ágætt að "sjokka" pottinn eftir notkun.

Það er stranglega bannað að fara í pottinn í sólarhring eftir að hann hefur verið "sjokkaður" með klór. Ekki má fara í pott sem er með hærra en 5 ppm af klór þannig að best er að mæla pottinn áður en farið er í hann eftir "sjokk-meðferð".

Það sem er nauðsynlegt að eiga samhliða rafmagnspotti:

Klórorkorn – Notað til að halda klórmagni í lagi og vatni hreinu, sett í vatnið yfir síuhúsinu á meðan nuddælur eru í gangi.

Klórtöflur – Notaðar samhliða klórorkni til að skammta klór í vatnið á meðan fólk er í burtu. Verða að vera í flothylki eða skammtara svo að skelin upplitist ekki. Bannað að henda á botninn.

pH upp/pH niður – Notað til að stilla af pH gildið svo að klórinn virki rétt, vatnið skýist ekki og til að gestir í pottinum fái ekki útbrot eða sviða í augu.

mælistrimla – Nauðsynlegir til að geta mælt magn klórs og pH gildi vatnsins.

síuhreinsir – Notaður til að þrifa lífrænar agnir og olíu úr síum. Ef sía er mettuð af óhreinindum getur það valdið tregðu í vatnsrennslinu gegnum hringrásardæluna og slegið út pottinum eða skemmt dæluna. Fyrir utan þá augljósu staðreynd að allar bakteríurnar og húðfrumurnar sitja í síunni. Þrifið hana a.m.k. einu sinni á tveggja mánaðar fresti ef potturinn er í reglulegri notkun.

Fróðleikur

Saga pH mælinga

pH mælingar voru í upphafi notaðar til að mæla sýrustig vatns í bjórbruggun í upphafi tuttugustu aldar. Stafirnir pH standa fyrir "potens hydrogen" sem er latína fyrir hydrogen power eða styrkur vetnisjóna. Skalinn nær frá 0 uppí 14 og pH gildi uppá 7 telst hlutlaust. Gildi fyrir neðan 7 bendir til að vatnið sé súrt og fyrir ofan 7 telst það basískt. Sýrustig ræðst af magni (styrk) vetnisjóna og skalinn er í lógaritma, sem þýðir að hvert gildi er tíu sinnum hærra heldur en gildið á undan. Það þýðir að pH gildið 6 er tíu sinnum súrara heldur en pH gildið 7, og pH gildið 2 er 10.000 sinnum súrara en pH gildið 7.

Athugið að æskilegt pH gildi í vatni pottsins er rétt yfir 7. Ástæðan fyrir þessu er sú að til að notendum pottsins líði vel, þarf pH gildið að vera sem næst 7,5 sem er sama pH gildi og vökvinn sem umlykur mannsaugað. pH gildi lægra en 7 veldur óþægindum og ertingu.

.Punktur sem vert er að athuga:

- Súrt vatn getur valdið tæringu á hitara og dælubúnaði.
- Basískt vatn getur valdið skýjuðu vatni og skán á skelinni.
- pH gildið hefur einnig áhrif á virkni hreinsiefna í vatninu. Of hátt pH gildi dregur verulega úr virkni þeirra.

Um klórnotkun

Bakteríur og örverur "nota" klórinn sem settur er í vatnið. Þessi neysla skapar klórþörfina í vatninu og klórinn sem er mældur í pottinum sem virkar sem sóthreinsir er kallaður umframklór, eða Free Chlorine á mælistrimlunum.

Þessar örverur, hvort sem þær berast í vatnið með fólk eða frá umhverfinu, valda því að vatnið byrjar að lykta og verður skýjað. Þegar að klórsameind binst við ammoníu í pottinum verður til sameind sem kallast klóramín. Klóramín er efnið sem veldur því að þú finnur klórlyktina sem þú vilt helst forðast. Þetta efni veldur líka ertingi í húð og augum. Þetta gerist þegar að potturinn er ekki sjokkaður.

Klóramín hefur engin sóthreinsunaráhrif, þannig að þrátt fyrir klórlyktina er vatnið óhreint. Það sem gerist þegar potturinn er sjokkaður er að umfram magnið af klór eða MPS, oxar vatnið og eyðir upp klóramíni en drepur einnig og eyðir örverum og bakteríum.

Hafið í huga að þegar að potturinn er sjokkaður er stranglega bannað að fara í hann strax á eftir. Best er að taka lokið af eða opna það til hálf til að leyfa uppgufun á klór að sleppa út úr pottinum.

Notkun hreinsiefna og sjokkanir á vatninu hafa með tímanum tærandi áhrif á pottlokið.